

LÖG

**um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl.,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. málsgr. 27. tölul. 3. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 11 1981) orðist svo:

Þó skal heimilt að fella niður að fullu tolla og aðflutningsgjöld af allt að 40 bifreiðum árlega fyrir þá sem mestir eru öryrkjar en geta þó ekið sjálfir sérstaklega útbúinni bifreið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

LÖG

**um breyting á lögum nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 26. gr. laganna komi nýtt ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 11. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, er stjórn Fiskveiðasjóðs heimilt að ákveða að skuldbreytingarlán til fiskiskipa, sem afgreidd verða á árinu 1984, megi nema allt að 90% af húftryggingarverðmæti þeirra.

Sjávarútvegsráðherra setur nánari reglur um framkvæmd skuldbreytingarlána samkvæmt ákvæði þessu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.